

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ENS 303 Haustönn 2012	

Kennarar	Erna H. Gunnarsdóttir, Guðjón Ólafsson, Harpa Jörundardóttir, Ómar Kristinsson.	Sk.st.	EHG, GÓL, HJD, ÓKR
-----------------	---	---------------	--------------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga (val milli fjögurra), og þau túlkuð út frá bókmenntalegum hugtökum og samhengi. Aðrir textar verða valdir með tilliti til fjölbreytni og efnis. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Markmið:

- Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða, samheita og orðmyndunar í rituðu máli

Námsgögn:

ENS 303 Autumn 2012 ; Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.

Smásaga "Bloodflowers", fæst á skrifstofu. Annað ítarefni frá kennara.

Valbækur:

Mark Twain, *Tom Sawyer* (ýmsar útgáfur).

Suzanne Collins, *The Hunger Games* (allar óstyttar útgáfur)

Tracy Chevalier, *Girl With a Pearl Earring* (allar óstyttar útgáfur)

Alice Sebold, *The Lovely Bones* (allar óstyttar útgáfur).

Áætlun um yfirferð:

Vikur	Almennt	Verkefni
34. - 38 21. ág. - 21. sept.	Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða.	Nemendur vinna ýmis verkefni þessu tengd. Lotunni lýkur með því að nemendur skrifa ritgerð byggða á efnisyfðingu (thesis).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENS 303 Haustönn 2012	

39. - 43. 23. sept. - 26. okt.	Lesnar skáldsögur og unnið með þær, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna með hverri bók.	Munnlegt próf, framsaga auk skriflegs verkefnis í lok lotunnar.
44. - 46. 29. okt. - 16. nóv.	Unnið með texta og orðmyndun í textahefti. Moodle verkefni.	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum
47. - 48. 19. nóv. - 30. nóv.	Smásagan "Bloodflowers" lesin og tímaverkefni unnið úr henni. Samantekt annarinnar og undibúningur fyrir próf.	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum

Vægi námsþátta:

Skáldverk	Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni (10%), framsöguverkefni (hópverkefni) (10%) tengd skáldsögu.	30%
	Smásaga / Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyrðingu	20%
Annað	Ástundun, þátttaka í kennslustundum og ýmis verkefni	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Námsmat

Námsmat fer fram í formi verkefnavinnu og með lokaprófi. Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn (1) fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það núll (0) í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, geti hann sýnt fram á réttmæt forföll. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð). Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot varða brottvikningu úr áfanganum.

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning: 21. ágúst 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils